

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 266/2022

2023/EES/31/39

frá 23. september 2022

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/252 frá 21. febrúar 2022 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2020/1167 til að tilgreina hvaða prófunarkröfur eigi að beita á 48 volta nýtna hreyfilrafala sem er samþættur gírkassanum með 48 volta/12 volta jafnstraums-jafnstraumsumriðli ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21azd (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1167) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 D 0252:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/252 frá 21. febrúar 2022 (Stjtíð. ESB L 41, 22.2. 2022, bls. 33).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2022/252, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 41, 22.2.2022, bls. 33.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.